

Nd.

489. Breytingartillögur

[104. mál]

við frv. til laga um tollheimtu og tolfertilit.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 7. gr.

a. 2. málsg. orðist svo:

Eftirtaldar hafnir eru aðaltollhafnir:

- | | |
|-------------------|---------------------------|
| 1. Reykjavík. | 8. Neskaupstaður. |
| 2. Akranes. | 9. Eskifjörður. |
| 3. Ísafjörður. | 10. Vestmannaeyjar. |
| 4. Siglufjörður. | 11. Keflavík. |
| 5. Akureyri. | 12. Keflavíkurflugvöllur. |
| 6. Húsavík. | 13. Hafnarfjörður. |
| 7. Seyðisfjörður. | |

b. 4. málsgr. orðist svo:

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

- | | |
|--------------------|------------------------|
| 1. Borgarnes. | 11. Blönduós. |
| 2. Ólafsvík. | 12. Sauðárkrókur. |
| 3. Stykkishólmur. | 13. Ólafsfjörður. |
| 4. Patreksfjörður. | 14. Raufarhöfn. |
| 5. Þingeyri. | 15. Vopnafjörður. |
| 6. Flateyri. | 16. Reyðarfjörður. |
| 7. Suðureyri. | 17. Fáskrúðsfjörður. |
| 8. Bolungarvík. | 18. Djúpvogur. |
| 9. Hólmavík. | 19. Höfn í Hornafirði. |
| 10. Hvammstangi. | 20. Þorlákshöfn. |

2. Við 10. gr. Í stað orðanna „þeir telja að hafi“ í 2. málsgr. komi: grunaðir eru um að hafa.
3. Við 15. gr. Á eftir orðunum „Óheimilt er“ í 2. málsgr. bætist: tollheimtumönnum.
4. Við 17. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú tekur tollgæzlan farangur manns eða föggur skipverja í vörslur sínar til skoðunar síðar, og getur viðkomandi þá krafizt þess, að þær séu innsiglaðar, þar til skoðun fer fram, og hlutaðeiganda þá gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina.
5. Við 18. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Gjaldeyrisstofnanir eru skyldar að láta tollyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té, um kaupverð vöru, greiðsluskilmála, yfirfærslur í sambandi við kaup vöru eða sölu og annað því um líkt.
6. Við 19. gr.
 - a. Í stað orðanna „síðustu málsgr. 7. gr.“ í 1. málsgr. komi: 5. málsgr. 7. gr.
 - b. Á eftir orðunum „statt er í neyð“ í 6. málsgr. bætist: eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slyss áhafnar eða farþega.
7. Við 32. gr. Orðið „eigin“ í 1. málsgr. falli niður.
8. Við 34. gr. Síðari málsliður orðist svo:

Kostnað þennan má innheimta með lögtaki.
9. Við 52. gr. Aftan við fyrri málslið fyrri málsgr. bætist: og skal þessi frestur vera minnst 6 mánuðir.
10. Við 53. gr. Í stað orðanna „20 dagar“ í fyrri málsgr. komi: einn mánuður.
11. Við 56. gr. Orðið „verulegum“ í fyrri málsgr. falli niður.
12. Við 76. gr.
 - a. Orðin „sem fram yfir er“ í síðustu málsgr. falli niður.
 - b. Aftan við síðustu málsgr. bætist: enda sé um takmarkað magn að ræða, sem nánar má ákveða í reglugerð.